



DIMMA

Starfsáætlun

Félagsmiðstöðin Dimma

2022-2023

Sunna Rut Garðarsdóttir

sunna.g@kopavogur.is

Hagnýtar upplýsingar	3
Opnunartímar Dimmu	3
Félagsmiðstöðvadaatal 2022 – 2023	3
Starfið í vetur	4
Opið starf.....	4
Áherslur í vetur.....	4
Miðstigsstarf.....	5
Viðburðir í vetur.....	5
Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar	5
Sameiginlegir viðburðir	5
Viðburðir í samvinnu við skólann	6
Sameiginlegir viðburðir á vegum Samfés	6
Hópastarf.....	6
Klúbbastarf	6
Sértækt hópastarf.....	7
Verkefni sem snúa að Barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum.	7
Sumaropnun félagsmiðstöðva	7
Unglingaráð.....	8
Nemendaráð.....	8
Félkóráð	8
Ungmennaráð Kópavogs	9
Ungmennaráð Samfés	9
Samstarf við foreldra	9
Verkferlar.....	9
Innra mat.....	10
Símenntun	10
Símenntuntunaráætlun 2022-2023	11
Fjölmenngarfræðsla	11
Fjölmennningarfræðsla	11
Kynfræðsluefni varðandi átakið „Vika 6“	11
Fjöldatölur	12
Starfsmenn Dimmu	12

Starfsáætlun 2022-2023

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Dimma er fyrir börn og unglinga í 5.-10. bekk og er staðsett í Vatnsendaskóla, Funahvarfi 2. Dimma er með skrifstofu og aðstöðu fyrir unglingana sem er á neðri hæð skólans en einnig höfum við aðgang að matsalnum, hátíðarsalnum og afnot af kennslustofum í samráði við kennara Vatnsendaskóla þegar á þarf að halda. Fjöldi skráðra barna í 5.-7. bekk eru 194 nemendur og í 8.-10. bekk eru 181 nemendur, samtals 375 nemendur í 5.-10. bekk í Vatnsendaskóla.

Forstöðumaður í Dimmu er Sunna Rut Garðarsdóttir. Síminn í Dimmu er 696-1630 og netfang forstöðukonu er sunna.g@kopavogur.is.

Opnunartímar Dimmu

Hefðbundin opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 – 22:00 og annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni. Á haustönn verða þrjár auka föstudagsopnir sem verða 7. Október, 4. Nóvember og 2. Desember.

Félagsmiðstöðvadagatal 2022 – 2023

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Frídagur - Vaxnaðamannafundur	1 F	1 L	1 D Félagsmiðmannafundur	1 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	1 S Hófundagur	1 M Starfsmannafundur	1 M	1 L	1 M Vaxnaðamannafundur	1 F Vaxnaðamannafundur	1 L
2 D	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 F	2 S Félagsmiðdagurinn (Hófundagurinn fyrir Hófundagurinn)	2 D Félagsmiðmannafundur	2 F Vaxnaðamannafundur	2 S
3 M	3 L	3 M Félagsmiðdagurinn (Félag)	3 F	3 L	3 D	3 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	3 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	3 M Félagsmiðdagurinn (Félag)	3 M	3 L	3 M
4 F	4 S	4 D Félagsmiðmannafundur	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L Skíðaför	4 D Félagsmiðmannafundur	4 F	4 S Félagsmiðdagurinn (Félag)	4 D
5 F	5 M Starfsmannafundur	5 M Félagsmiðdagurinn (Félag)	5 L	5 M Starfsmannafundur	5 F	5 S	5 S Skíðaför	5 M Félagsmiðdagurinn (Félag)	5 F	5 M	5 M
6 L	6 D Félagsmiðmannafundur	6 F	6 S	6 D	6 F Hófundagurinn (Félag)	6 M Gólf	6 M	6 F Skíðaför	6 L Félagsmiðdagurinn (Félag)	6 D	6 F
7 S	7 M	7 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	7 M Starfsmannafundur	7 M	7 L	7 D Félagsmiðmannafundur	7 D Félagsmiðmannafundur	7 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	7 S	7 M	7 F Félagsmiðdagurinn (Félag)
8 M	8 F Skíðaför	8 L Skíðaför	8 D Skíðaför	8 F	8 S	8 M Gólf	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 D	9 F Skíðaför	9 S Skíðaför	9 M	9 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	9 M	9 F	9 F	9 S Félagsmiðdagurinn (Félag)	9 D	9 F	9 S
10 M	10 L	10 M Félagsmiðdagurinn (Félag)	10 F	10 D	10 D Félagsmiðmannafundur	10 F	10 F	10 M	10 M Skíðaför	10 L	
11 F	11 S	11 D Félagsmiðdagurinn (Félag)	11 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	11 S	11 M	11 L	11 L	11 F	11 F	11 S	
12 F	12 M	12 M Félagsmiðdagurinn (Félag)	12 L	12 F	12 S	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	
13 L	13 D	13 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	13 S	13 D Félagsmiðmannafundur	13 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	13 M	13 M	13 F	13 L	13 D	
14 S	14 M Skíðaför	14 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	14 M	14 M	14 L	14 D	14 D	14 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	14 S	14 M	
15 M	15 F	15 L	15 D	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	
16 D	16 F Skíðaför	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 D	16 F	
17 M	17 L	17 M Félagsmiðdagurinn (Félag)	17 F	17 L	17 D	17 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	17 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	17 M	17 M	17 L Félagsmiðdagurinn (Félag)	
18 F	18 S	18 D Félagsmiðmannafundur	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 D Félagsmiðmannafundur	18 F	18 S	
19 F	19 M Félagsmiðdagurinn (Félag)	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M	
20 L	20 D	20 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	20 S	20 D	20 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	20 M	20 M	20 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	20 L	20 D	
21 S	21 M Félagsmiðdagurinn (Félag)	21 L	21 M	21 F	21 S	21 D	21 D	21 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	21 S	21 M	
22 M	22 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	22 S	22 D	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	
23 F	23 L	23 M Félagsmiðdagurinn (Félag)	23 F	23 S	23 M	23 L	23 L	23 D	23 F	23 M	
24 L	24 D	24 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	24 S	24 D	24 F	24 M	24 M	24 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	24 L	24 D	
25 M	25 F	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	
26 F	26 L	26 M Félagsmiðdagurinn (Félag)	26 F	26 S	26 M	26 L	26 L	26 D	26 F	26 M	
27 L	27 D	27 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	27 S	27 D	27 F	27 M	27 M	27 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	27 L	27 D	
28 S	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	
29 F	29 L	29 M Félagsmiðdagurinn (Félag)	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 D	29 F	29 M	
30 L	30 D	30 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	30 S	30 D	30 F	30 M	30 M	30 F Félagsmiðdagurinn (Félag)	30 L	30 D	
31 M	31 F	31 L	31 M	31 F	31 S	31 M	31 M	31 L	31 M	31 F	

Á félagsmiðstöðvadagatalinu má finna helstu tímasetningar yfir árið á fræðslum, fundum og sameiginlegum viðburðum. Mikil samvinna er á meðal félagsmiðstöðva í Kópavogi. Forstöðumenn félagsmiðstöðvanna funda saman hverja viku ásamt deildastjóra og verkefnastjóra frístundadeildar. Á þeim fundum eru forstöðumenn upplýstir um einstaka mál,

Starfsáætlun 2022-2023

rætt um ýmis mál og lagt fram hugmyndir fyrir starfið. Einnig er sameiginlegt unglingaráð sem heitir Félkóraráð, og eru þar nemendur sem sitja í því ráði í 8. – 10. bekk og koma þau að skipulagi á sameiginlegum viðburðum hjá félagsmiðstöðvunum.

Starfið í vetur

Opið starf

Dagskrá Dimmu á kvöldin er mjög fjölbreytileg og er hún unnin í samstarfi með nemendaráði.

Dagskrá er gerð fyrir hvern mánuð og er hún auglýst á instagram, facebook sem og send út í pósti í gegnum mentor.

Hér má sjá dagskrá sem var gefin út fyrir september mánuð.

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	D I M M A
29.08 17:00-18:30 Spil & kózý 19:30-22:00 Hjartsláttur	30.08 Opið til 16:00 14:00-16:00 Heimanám & kózý	31.08 17:00-18:30 íslenskt sjónvarpsefni 19:30-22:00 Skallaferð & Opið	01.09 Opið til 15:00	02.09 	
05.09 17:00-18:30 Lokað 19:30-22:00 8.b kvöld	06.09 Opið til 16:00 14:00-16:00 Heimanám & kózý	07.09 17:00-18:30 Lokað 19:30-22:00 Góðu nammi keppni	08.09 Opið til 15:00	09.09 	
12.09 17:00-18:30 Píla & möns 19:30-22:00 Hundaganga & Stinger	13.09 Opið til 16:00 14:00-16:00 Heimanám & kózý	14.09 ÍTK	15.09 Opið til 15:00	16.09 ÍTK BALLIÐ	
19.09 17:00-18:30 Mynd & popp 19:30-22:00 Borðtennismót	20.09 Lokað	21.09 17:00-18:30 Náðlur & nöldur 19:30-22:00 Karaoke	22.09 Lokað	23.09 	
26.09 17:00-18:30 Mynd & popp 19:30-22:00 Brjóstsykursgerð	27.09 Opið til 16:00 14:00-16:00 Heimanám & kózý	28.09 17:00-18:30 Miðstigsopnun 19:30-22:00 Dimmuleikar	29.09 Opið til 15:00	30.09 19:30-23:00 Kökukeppni	ÁGÚST SEPTEMBER

Áherslur í vetur

Á starfsmannafundi var rætt hvaða áherslur við viljum leggja á starfið í vetur. Síðasta vetur var stór hluti þeirra sem sóttu félagsmiðstöðina karlkyns. Við viljum skoða hvernig við getum aukið hlutfall annarra hópa úr unglingadeildinni. Dagskráhugmyndir sem gætu höfðað til fleiri en okkar reglubundnu gesta væri til að mynda allt sem er gert í heimilisfræðistofunni. Dagskrá með sérstök markmið eins og Tie Dye, Pride opnun, Spa kvöld og fleira í þeim dúr sem getur

gefið krökkunum ákveðin tilgang til að mæta. Opið starf og almennt hangs getur verið yfirþyrmandi fyrir þá sem ekki þekkja félagsmiðstöðina nógu vel.

Valáfangar og samstarf við skóla

Forstöðumaður og 70% starfsmaður sjá um félagsmálavalið sem jafnframt er nemendaráðið okkar. Það er gert í góðu samstarfi með skólanum (sjá nánar um félagsmálavalið í liðnum um nemendaráð).

Einnig erum við, í samstarfi með skólanum að byrja með Stílsval, það er enn á þróunarstigi en hugmyndin er að Dimma muni aðstoða með hugmyndavinnu og almenna praktík er viðkemur viðburðinum en textílkennari skólans muni halda utanum saumaskapinn og efnisvinnunna. Forstöðumaður Dimmu situr fundi með deildastjóra unglingastigs annan hvern fimmtudag til þess að ræða ýmis mál varðandi nemendur á unglingastigi og að upplýsa hvort annað um stöðu mála.

Eins og á síðasta skólaári er Vatnsendaskóli að vinna í því að verða réttindaskóli UNICEF og situr forstöðumaður Dimmu í réttindaráði ásamt deildastjóra yngra stigs og tveimur öðrum kennurum.

Miðstigsstarf

Í miðstigsstarfi eru öll 5-7. bekk velkomin. Á dagskrá er verið að gera ýmislegt skemmtilegt, t.d. pílukeppni, karaoke, minute to win it, útileikir, Tie Dye bolamálun, Kökukeppni og fleira sé nefnt. Miðstigsopnanir eru annan hvorn miðvikudag á milli 17:00-18:30. Auka 7. bekkjar opnun er í hverjum mánuði. Þá eru öll í 7. bekk velkomin.

Viðburðir í vetur

Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar

Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvarinnar eru margvíslegir. Gerð er dagskrá í lok hvers mánaðar fyrir næsta mánuð í samvinnu við nemendaráðið. Fastir viðburðir á vegum Dimmu eru Jólaball, Árshátíð, maraþon í vetrarfríum, kökukeppni, allskyns mót, hundagöngur og fleira.

Sameiginlegir viðburðir

Félkó er samstarf félagsmiðstöðva innan Kópavogs og stendur það fyrir ýmiskonar viðburðum. Íþróttavikan, spurningakeppnin Getkó, sköpunardagurinn, forvarnarvikan, söngkeppni auk



Starfsáætlun 2022-2023

balla eru hluti af föstum viðburðum hjá Félkó ár hvert. Mikill tilhlökkun og stemning er yfirleitt fyrir þessum viðburðum.

Viðburðir í samvinnu við skólann

Velvilji er hjá öllum aðilum að hafa gott samstarf á milli félagsmiðstöðvar og skólans. Árshátíð og jólaball hafa verið samstarfsverkefni á milli skóla og félagsmiðstöðva. Í samstarfi við foreldrafélag hefur sett á lagningar fjáröflun fyrir útskriftarferð 10. bekkjar. Fjáröflunin yrði í formi miðstigsballa yfir árið

Sameiginlegir viðburðir á vegum Samfés

Samfés heldur úti viðburðum fyrir félagsmiðstöðvar allstaðar á landinu. Landsmót samfés er viðburður yfir helgina 7.-9. október þar sem 4 unglingar frá hverri félagsmiðstöð hittast í skipulagðri dagskrá. Þessa helgi verður einnig kosið í Ungmennaráð samfés og í lok helgarinnar er Landsþing ungmenna sem er stýrt af ungmennaráðinu. Aðrir viðburðir eru til að mynda Rímnaflæði, danskeppni, Stíll, Lan, Söngkeppni og Samfestingurinn

Hópastarf

Klúbbastarf

Klúbbastarf eru klúbbar sem eru sniðnir í kringum sérstök áhugmál. Oft er dræm mæting í þessa klúbba en þetta getur þó verið ansi dýrmæt stund fyrir þá sem mæta. Einhverjar hugmyndir af klúbbum eru komnar.

Bókarklúbbur: Hugmynd frá unglingi, nemendur og starfsfólk setjast og ræða bækur. Form klúbbsins verður ákveðin með þátttakendum, þ.e. hvort þetta er óformlegt spjall um bækur eða sérstök bók lesin og hún svo rædd.

Pottaklúbbur : Starfsmenn og nemendur hittast í pottinum og höfum það notalegt saman í spjalli um lífið og tilveruna. Einnig gott spjall um líkamsímynd og fleira sem verða teknar til umræðu.

Ræktarklúbbur : Settur upp þannig að unglingar sem eru ekki í reglubundnum íþróttum geta fengið tækifærið að stunda hreyfingu undir handleiðslu. Klúbburinn myndi fara fram í Worldclass Ögurhvarfi og þarf unglingur að eiga kort í Worldclass. Starfsmaður hittir unglingana og teknar eru umræður um mikilvægi hreyfingar og tekin æfing.

Matar/bökunarklúbbur: Starfsmenn hitta þá nemendur í heimilisfræðistofu í Vatnsendaskóla og verður eldað/bakað saman og svo í lokin borðað það sem var búið til.

Premium League klúbbur: Fyrir fótboltaáhugafólk. Leikur og keppnir í gegnum app. Auðvelt fyrir alla sem vilja að vera með.

D&D klúbbur: Spilum D&D

Sértækt hópastarf

Undirbúningur er hafinn að sértæku hópastarfi með strákum á miðstigi sem hafa sýnt áhættuhegðun og erfið tengsl við skólann. Áætlað er að þetta hópastarf hefjist í október. Fyrst um sinn verða hittingar á skólatíma en markmið er að geta síðan fært þessa hittinga á fyrri opnanir.

Verkefni sem snúa að Barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum.

Verkefni sem félagsmiðstöðin er að vinna með skólanum er að gera Vatnsendaskóla að Réttindaskóla UNICEF. Í því verkefni koma inn fræðslur fyrir nemendur sem snýr bæði að Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðunum.

Starfið í félagsmiðstöðinni er stöðugt að vinna eftir Heimsmarkmiðunum og Barnasáttmálanum, alla daga í starfi og með því að þjálfa unglingana að vera lýðræðisleg þenkjandi, leyfa þeirra röddum að heyrast og hlusta á skoðanir þeirra

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Dimma stendur fyrir sumaropnun í félagsmiðstöðinni á sumrin. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt. Annarsvegar var boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 10 til 13 ára börn og hins vegar dag- og kvöldopnanir fyrir unglinga. Sumarsmiðjurnar voru af ýmsum toga t.d. ratleikur, frísbígg, skartgripagerð, útileikir o.fl. Í sumar flutti Dimma í sína varanlegu aðstöðu eftir smá flakk síðustu ár. Dagstarf með unglingum fór mikið í flutningstengda hluti. Við fórum saman í gegnum hönnunarferli, völdum málningu, sófa, sjónvarp og fleira sem vantaði. Og einnig í alla sparsl- og málningarvinnu sem og að flytja hluti og koma þeim fyrir á réttum stöðum. Á kvöldin var hefðbundin opnun fyrir alla. Lögð var áhersla á skemmtilegt og skapandi starf, jafnt innan sem utandyra, en körfubolti var sérstaklega vinsæll þetta sumarið.

Fjölbreyttir viðburðir voru í boði í sumar fyrir unglingana en lögð var áhersla á virkni og útiveru. Í boði var frísbígg, vatnsbyssustríð, útileikir, ísferðir og fleira sé nefnt. Opnanir voru á

Starfsáætlun 2022-2023

mánudögum og miðvikudögum frá 12:00 – 17:00 og 19:30 – 22:00. Dagopnanir voru á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10:00-16:00 og fyrir hádegi á föstudögum. Í sumar var starfsfólk Dimmu einnig í miklum samskiptum og í samvinnu við Vinnuskóla Kópavogs. Unglingarnir gátu fengið að mæta til okkar þegar opnun var í Dimmu þegar þau voru í hádegishléi eða pásu. Unglingar geta sóst eftir að vinna í Dimmu í stað þess að vera úti í beðum og hefur það samstarf gengið mjög vel. Í sumar voru fjórir unglingar hér við vinnu og voru þeirra verkefni meðal annars að aðstoða með miðstigssmiðjur, flutninga og margt fleira. Í lok sumars fór af stað Félkó-Flakkandi félagsmiðstöð. Flakkandi félagsmiðstöð var hugsuð sem áframhald af sumaropnun félagsmiðstöðva en starfaði þvert á Kópavog, og því ekki bundinn við eitt hverfi. Markmið með Félkó-flakkandi félagsmiðstöð var að virkja áfram einstaklinga sem þurftu sérstaka hvatningu og stuðning á að halda vegna félagslegrar stöðu sinnar sem og bjóða ungu fólki í sveitarfélaginu skemmtilegt og uppbyggilegt frístundastarf með sínum jafnöldrum. Unnið var í góðu samstarfi við foreldra, velferðarsvið, lögreglu og aðra sem koma að málefnum ungs fólks í sveitarfélaginu

Unglingaráð

Ýmis ráð standa krökkunum til boða til að bjóða sig fram í og nýta sína rödd.

Nemendaráð

Í nemendaráði Dimmu sitja 10 unglingar. Nemendaráðið er valgrein og þeir sem hafa áhuga geta skráð sig í nemendaráðsval. Á fyrsta fundi var kannaður áhugi í ungmennaráð, félkó ráð og hverjir hefðu áhuga á að fara á landsmót Samfés. Í ár var ákveðið að vera ekki með formann eða varaformann, reynsla síðasta árs sýnir að það sé í raun óþarfi og dragi jafnvel úr þeim meðlimum sem eru ekki kosin í slík hlutverk.

Ýmis mál eru rædd á nemendaráðsfundum hverju sinni, framkvæmd og útfærsla viðburða ásamt þeim málefnum er snúa að unglingum hverju sinni. Þau sem sitja í nemendaráði eru hvött til að taka virkan þátt í öllu starfi Dimmu og hvetja samnemendur til þátttöku. Einnig eru þeir sem sitja í nemendaráði minnt á að þau eru fyrirmyndir skólans og brot á reglum skólans/landslögum hafa afleiðingar innan nemendaráðsins.

Félkóraráð

Enn er ekki búið að úthluta í Félkóraráð en áhugasamir unglingar eru komnir á blað. Félkó ráðið er ráð sem stendur af tveimur unglingum úr hverri félagsmiðstöð þvert yfir Kópavog. Félkóraráðið

sér um að skipuleggja böll og auka föstudagsopnanir. Hlutverk þeirra er í raun að vera rödd unglunga í sameiginlegum viðburðum.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð er ráð sem samanstendur af einum ungling úr hverjum grunnskóla sem og fulltrúum 16+ hópsins. Ungmennaráðið eru raddir unglunga þegar kemur að stjórnsýslutengdum málum sem eru viðkomandi unglingum. Einn unglingur situr frá Dimmu í Ungmennaráði Kópavogs. Áhugi var kannaður á nemendaráðsfundi og þessum unglingi svo boðin staðan.

Ungmennaráð Samfés

Áhugasamir bjóða sig fram á landsmóti Samfés og eru kosnir lýðræðislega til eins eða tveggja ára. Unglingur frá Dimmu hefur setið frá síðustu kosningu.

Samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra hefur farið batnandi síðustu ár. Samþætting er á milli útvaktar félagsmiðstöðva og foreldrarölsins og á dagskrá er að halda sameiginlega viðburði með foreldrafélaginu til að safna fyrir útskriftarferð 10. Bekkjar. Í upphafi árs eru haldnar kynningar fyrir foreldra á miðstigi og í unglingadeild en þetta árið voru kynningarnar haldnar á tímum sem forstöðumaður var staddur erlendis í námsferð. Foreldrarnir fengu þó stuttlega glærukynningu sem fékk að rúlla í gegn og starfsmenn skólans gátu lesið upp.

Verkferlar

Verkferlalisti var settur saman á þessu ári til að auðvelda aðgengi starfsfólks að ýmsum verkferlum. Verkferlarnir voru prentaðir út og eru aðgengilegir öllu starfsfólki. Einnig voru þeir kynntir á starfsmannafundi.

Skjalið inniheldur

- Undirbúningur viðburðar
- Framkvæmd viðburðar
- Ferðir – stuttar og langar
- Útivaktir
- Atvikaskráning
- Einstaklingssamtal
- Samskipti við foreldra
- Minniháttar hegðunarfrávik
- Alvarleg hegðunarfrávik
- Smávægilegir áverkar

- Alvarleg slys
- Tilkynning til barnaverndar

Innra mat

Starfsmanna- og nemendaráðsfundir eru okkar helsti vettvangur til þess að meta starfið. Á fundum eru unglingarnir og starfsfólk hvött til að tjá sig og skoðanir sínar á starfinu svo hægt væri að gera starfið betra og bæta það sem þarf. Einnig dagopnanir þegar starfsfólk nær góðu spjalli við unglingana sem sækja félagsmiðstöðina á dagopnunum. Í upphafi árs var einnig send út nafnlaus google forms könnun þar sem unglingarnir fengu tækifæri á að lýsa sinni skoðun og koma með hugmyndir til úrbótar. Annað töl sem sem við notum við innra mat eru fjöldatölurnar, þær gefa okkur ekki beinar upplýsingar um gæði og skilvirki þjónustunnar en geta þó hjálpað okkur að koma auga á hvaða árgangar eru að mæta vel og hverjir ekki, og getum við þá brugðist við því. Við höfum til dæmis séð að við erum með nokkuð dreifða mætingu milli árganga en 8. bekkurinn heldur kannski smá forskoti eins og vant er á haustin. Við sjáum einnig að þau sem skilgreina sig sem karlkyns eru í miklum meirihluta og áhersla verður á að jafna þennan mun í vetur.

Starfsánægja er einnig hluti sem er vel mælanlegur og skiptir grundvallarmáli í starfinu okkar þar sem við sköpum það umhverfi sem krakkarnir sækja. Forstöðumaður leggur mikla áherslu á starfsánægju. Á starfsmannafundum hvetur forstöðumaður starfsfólkið og hrósar fyrir vel unnin störf. Einnig taka starfsmenn þátt í Starfsmannpúlsi sem er framkvæmdur af Skólapúlsinum.

Símenntun

Reglulega fá starfsmenn Dimmu starfsmannafræðslu og tengist sú fræðsla inni félagsmiðstöðvastarfið. Einnig eru starfsmannafundir reglulega og ígrundun eftir hverja kvöldopnun.

Í haust var löng vinnustofa fyrir alla starfsmenn. Hún var að hluta til tvískipt fyrir nýja og gamla starfsmenn til að hámarka virkni hennar. Einhverjar starfsmannafræðslur verða þó á dagskrá í vetur en þær munu miðast við að kenna hvort öðru í bland við utanaðkomandi fræðslu eftir þörfum. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu. Einnig munu félagsmiðstöðvarnar standa fyrir fræðslu í sínu starfi sem snýr að ákveðnu málefni hvern mánuð.

Símenntuntunaráætlun 2022-2023

Fræðsluerindi	Dagsetning	Efni	Fyrirlesari	Staðsetning
Velkomin til starfa- Nýliða/starfsmannanámskeið	24. og 26. ágúst	Nýliðafræðsla og fræðsla um sértækt hópstarf	Áslaug Einarsdóttir	24.8 Smáraskóli 26.8 Salur á Seltjarnarnesi
Verndari barna	5. september	Vernd barna gegn ofbeldi	Barnaheill - Guðrún Helga	Molinn kl 17:00-19:00.
Stjórnendafræðsla	13. september	Jákvæð forystuhæfni/stjórnun	Ingrid Kuhlman	Fannborg 6 - Fundarherberg i Völlur
Skyndihjálpi	Kemur síðar	Skyndihjálpi	Athuga mannauðsdeild	Eloomi fræðsluvefur
Kynning á fræðslutorgi	6. september- forstöðumannaf.	Eloomi fræðslu og námskeiðskerfi	Athuga mannauðsdeild	Harpa
Forvarnarvika – stjórnendafræðsla	1. október		Mánudagsfræðsla Gunnskóladeildar	Teams
Hvaðan ertu – stjórnendafræðsla	1. nóvember	Fjölmenngarfræðsla	Miriam Petra	
Hvaðan ertu-	7. nóvember	Fjölmennningarfræðsla	Miriam Petra	Fönix
Vika 6	Kemur síðar	Kynfræðsluefni varðandi átakið „Vika 6“.	Kolbrún Hrund-Jafnréttisfulltrúi hjá Rvk.borg	Molinn
„Verkferakistudagur“ félagsmiðstöðvanna	5. des	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru		
Skipulagsdagur hlutastarfsamanna	10. maí	Hlutastarfsmenn félagsmiðstöðva ígrunda starfsárið og koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi fyrir næsta starfsár í samtali við verkefnastjóra og deildarstjóra frístundadeildar.		Dimma

Fræðsluáætlun félagsmiðstöðva í Kópavogi

Fræðsluerindi	Mánuður
Orkudrykkir	September
Samfélagsmiðlar - Forvarnarvikan	Október
Fjölmennning	Nóvember
Kynfræðsla	Febrúar
Sjúkást/Unglingar gegn ofbeldi	Maí

Starfsáætlun 2022-2023

Fjöldatölur

Ágúst 2021 – 76

September 2021 – 605

Október 2021 – 739

Nóvember 2021 – 540

Desember 2021 – 347

Janúar 2022 – 167 (árgangaskiptar opnanir)

Febrúar 2022 – 438

Mars 2022 – 914

Apríl 2022 – 613

Maí 2022 – 522

Júní 2021 – 472

Júlí 2021 – 60 (Flakkandi ekki tekið með)

Starfsmenn Dimmu

Sunna Rut Garðarsdóttir – Forstöðumaður

Hrefna Lára Sighvatsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Hólmar Birgisson – Frístundaleiðbeinandi

Aron Ingi Laxdal – Frístundaleiðbeinandi

Edda Laufey Bjarnadóttir - Frístundaleiðbeinandi